



## Ávarp

### við afhendingu skjalasafns Sambands íslenskra samvinnufélaga til Þjóðskjalasafns Íslands 19. október 2012

#### Ágætu samvinnumenn, fulltrúar fjölmiðla og starfsfólk Þjóðskjalasafns

Þann 11. nóv. í fyrra handsalaði Guðsteinn Einarsson fyrrverandi formaður stjórnar Sambands íslenskra samvinnufélaga þá ákvörðun stjórnarinnar að afhenda Þjóðskjalasafni skjalasafn Sambandsins (SÍS) til varðveislu. Í dag lýkur því ferli með þeim hætti að skjalasafnið, alls um 8000 skjalaöskjur á 60 vörubrettum eru færðar í hús Þjóðskjalasafns og hófst sú afhending fyrir stuttri stundu og lýkur nú um hádegisbil.

Hér og nú munu aðilar ganga frá formlegum hluta afhendingarinnar með því að undirrita samkomulag um afhendinguna. Með samkomulaginu tekur Þjóðskjalasafn að sér að varðveita safnið til framtíðar og veita almenningi og fræðimönnum aðgang að skjölum sambandsins á grundvelli íslenskra laga.

Vegna endurbóta á skjalageymslum safnsins verður ekki hægt að koma skjölunum fyrir í hillum, en við biðum eftir nýjum skjalaskápum sem í framtíðinni geyma safnið. Þessir skápar koma á næstu vikum og verður uppsetningu þeirra lokið þegar líður að áramótum. Þá er eftir ákveðin frágangsvinna svo sem samanburður á skjalaöskjum við skjalaskrá til þess að sannreyna að allt sé komið í hús. Skjalasafn Sambands íslenskra samvinnufélaga verður því fyrst aðgengilegt almenningi og fræðimönnum einhvern tíma snemma á næsta ári.

Skjalasafn SÍS er um 600 hillumetrar að umfangi og er stærsta einkaskjalasafn sem Þjóðskjalasafn hefur tekið við. Má áætla að í því séu nálægt tvær milljónir blaðsíðna.

Elstu skjölin í safni SÍS frá stofnun þess árið 1902 og þau yngstu frá því um aldamótin síðustu. Þar er einnig að finna gögn frá aðildarfélögum SÍS, sum frá síðustu áratugum 19. aldar, s.s. fundargerðarbækur kaupfélaga og önnur gögn tengd þeirra rekstri. Áður hefur Þjóðskjalasafni verið afhentar teikningar frá Teiknistofu SÍS og hluti fundargerðarbóka SÍS. (Þær eru hér til sýnis)



Skjöl Sambandsins verða meðal áhugaverðustu skjalasafna fyrirtækja í Þjóðskjalasafni: Í því eru heimildir um sögu samvinnuhreyfingarinnar, heimildir að merkum kafla í viðskiptasögu síðustu aldar. Hér er um að ræða lykilsafn um atvinnu- og viðskiptasögu 20. aldar, og jafnvel stjórnmalasögu og ákaflega mikilvæg viðbót við þau opinberu skjöl sem hér eru.

Samband íslenskra samvinnufélaga fagnaði 110 ára afmæli sínu í febrúar síðastliðinn. Og það fer vel á því að skjalasafni þess verði komið í opinbera eigu og gert öllum aðgengilegt á þeim tímamótum í sögu Sambandsins.

Saga Sambandsins er mikilvægur kafli í félags-, atvinnu- og efnahagssögu íslensku þjóðarinnar, og kaupfélögin léku mikilvægt hlutverk í framþróun þjóðarinnar. Þegar á heildina er litið var Sambandið víðtækasta og umsvifamesta atvinnufyrirtæki landsins á 20. öld, og ein fjölmennustu almannasamtök þjóðarinnar. Á gullaldarárum Sambandsins og kaupfélaganna um og eftir miðja síðustu öld var Sambandið stærsti atvinnurekandi landsins. Um 1980 voru starfsmenn þess um 1.800.

Ég þakka stjórn Sambands íslenskra samvinnufélaga fyrir þá framsýni að afhenda skjöl Sambandsins Þjóðskjalasafni til varðveislu, til heilla fyrir almenning og fræðimenn um alla framtíð. Það er þegar farið að spyrja um gögn í þessu mikla safni. Og við eigum von á því að margir muni nýta sér safnið þegar aðgangur að því verður opnaður og hægt verður að ausa úr þeim upplýsingabrunni sem flestum hefur hingað til verið lokaður.

Ég bið Hannes Karlsson formann stjórnar Sambandsins að koma til mín og skrifa undir samkomulag um afhendinguna.

Á heimasíðu safnsins geta fjölmiðlar fundið þessa stuttu tölu og frekara efni um þessa afhendingu.

Reykjavík, 19. okt. 2012

Eiríkur G. Guðmundsson  
settur þjóðskjalavörður